

Þriðjudagur, 26. október, 2015

Ákvörðun nr. 31/2015

Samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf.

I.

Með bréfi frá KPMG ehf., dags. 19. ágúst 2015, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Advania hf. (hér eftir Advania) á öllu hlutafé í Tölvumiðlun ehf. (hér eftir Tölvumiðlun). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, í samræmi við 4., 5. og 6. gr. reglna nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Þrátt fyrir að samrunaaðilar telji að veltuskilyrði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 séu uppfyllt telja þeir „*umtalsverðar líkur á því að samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila sé minni en 20%*“. Telja þeir landfræðilegan markað málsins vera mun stærri en Ísland.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 enda veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt.

II.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að samrunaaðilar starfi á upplýsingatæknimarkaði. Um Advania segir að félagið sé „*upplýsingatæknifyrirtæki með fjölbreytta starfsemi á upplýsingatæknimarkaðnum. Félagið er með starfsemi á Íslandi, í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Félagið býður samþættar heildarlausnir fyrir atvinnulífið þegar kemur að hugbúnaði, vélbúnaði og fjölbreyttri hýsingar- og rekstrarþjónustu*“.

Tölvumiðlun er samkvæmt tilkynningunni „*upplýsingatæknifyrirtæki sem þróar og selur viðskiptahugbúnað til fyrirtækja, þ.e. fjárhags- og mannauðskerfi. Að auki býður Tölvumiðlun upp á sérsniðnar hugbúnaðarlausnir fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins með TM Framework. Tölvumiðlun býður jafnframt upp á þá þjónustu að sjá alfarið um launavinnslu fyrir fyrirtæki auk þess að bjóða fyrirtækjum hýsingarþjónustu í tengslum við framangreint.*“

Að mati samrunaaðila skarast starfsemi þeirra „*á þeim vettvangi sem Tölvumiðlun starfar á, þ.e. á markaði fyrir þróun og sölu hugbúnaðarkerfa, auk þess sem um takmarkaða skörun á markaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa er að ræða. Skörun á sér ekki stað á öðrum þeim mörkuðum sem félögin starfa á. Að mati samrunaaðila eru framangreind kaup ekki til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni á Íslandi. Umtalsverð alþjóðleg samkeppni er til staðar á markaðnum og með samrunanum sér Advania tækifæri til að styrkja stöðu sína erlendis, einkum á Norðurlöndum sem og víðar í Evrópu, með sölu á hugbúnaðarkerfum Tölvumiðlunar samhliða öðrum kerfum Advania, þegar hin fyrr nefndu hafa verið fullþróuð með erlenda markaði í huga*“.

III.

Það er mat samrunaaðila að samlegðaráhrif samrunans muni einkum koma fram á markaði fyrir þróun og sölu hugbúnaðar sem sé undirmarkaður á upplýsingatæknimarkaði. Samkeppniseftirlitið sendi þann 11. september sl. bréf til 15 smárra, meðalstórra og stærri fyrirtækja á umræddum markaði. Fram kemur í bréfinu til fyrirtækjanna að Samkeppniseftirlitið hafi ekki skilgreint undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðarins í fyrri málum sem varða þann markað. Til að greina betur markaðinn sem málið varðar og afstöðu keppinauta Advania til samrunans óskaði stofnunin eftir þeirra sjónarmiðum um samrunann og á hvaða mörkuðum hann hefði hugsanlega áhrif.

Viðbrögð bárust frá fáum þeirra fyrirtækja sem leitað var til. Þá átti Samkeppniseftirlitið fund með samrunaaðilum þar sem leitað var skýringa og sjónarmiða m.a. um hugsanlega undirmarkaði markaðar fyrir upplýsingatækni.

IV.

Fram hefur komið við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samrunanum að hugsanlegt sé að skilgreina nokkra undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar, sbr. t.d. það sem fram kemur hjá samrunaaðilum um að starfsemi þeirra skarist á markaði fyrir þróun og sölu hugbúnaðar og að einhverju leyti á markaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa. Jafnvel hefur komið fram það sjónarmið að líta megi á mannauðskerfi og fjárhaldskerfi sem sérstakan markað. Um þetta eru aðilar á markað fyrir upplýsingatækni ósammála og hefur verið bent á að mikil skörun sé á milli einstakra hugbúnaðarsviða sem taki örum breytingum til að sinna vaxandi kröfu viðskiptavina um heildstæðar lausnir.

Við mat á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir vegna þessa samruna hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að samlegðaráhrif eru einkum á markaði fyrir mannauðskerfi og fjárhaldskerfi. Á þessu sviði starfa allnokkur innlend hugbúnaðarfyrirtæki. Lítil áhrifa gætir á öðrum mörkuðum sem annað eða bæði fyrirtækin eru starfandi á. Á upplýsingatæknimarkaði er starfandi nokkur fjöldi fyrirtækja sem jafnframt veita þjónustu á þeim markaði sem áhrifa samrunans gætir. Þeirra stærst eru Advania hf., Nýherji hf., Opin Kerfi hf., Wise lausnir ehf. og Þekking – Tristan hf. Jafnframt eru starfandi 5-10 smærri fyrirtæki sem veita þjónustu á þessum markaði. Þá er ljóst að mörg stærri fyrirtækja á Íslandi hafa sótt sér lausnir til að sinna þörfum fyrir viðskiptalausnir til öflugra hugbúnaðarfyrirtækja erlendis. Í einhverjum tilvikum hafa lausnir verið unnar í samvinnu innlendra og erlendra aðila. Það sjónarmið hefur verið sett fram af samrunaaðilum og fleirum á markaðnum að landfræðilegi markaður sem varðar þetta mál sé alþjóðlegur en ekki aðeins Ísland. Því hafi samruninn ekki skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Af fyrirliggjandi gögnum virðist ljóst að þrátt fyrir að staða Advania á þeim markaði sem áhrifa gætir styrkist að einhverju leyti við samrunann, þá muni hann ekki hafa afgerandi áhrif á samkeppni á þessum markaði. Liggja ástæður þess helst í því að fyrir eru á markaðinum öflugri keppinautar sem muni geta veitt samkeppnislegt aðhald, einir sér eða í samstarfi við aðra.

V.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir

hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þrátt fyrir að Advania sé öflugt á upplýsingamarkaði og bæti stöðu sína á þeim sviðum sem Tölvumiðlun hefur þróað lausnir gefa athuganir Samkeppniseftirlitsins ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til. Þá ber að hafa í huga að litlar aðgangshindranir eru að viðkomandi markaði. Því til stuðnings má t.a.m. benda á að töluverðar breytingar hafa verið á upplýsingatæknimarkaði undanfarin ár og hlutdeild og staða fyrirtækja breyst hratt frá einu tímabili til annars, sér í lagi með örri tækniþróun. Með vísan til alls þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi sé töluvert samkeppnislegt aðhald á markaðnum.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins og upplýsingum frá keppinautum er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Advania og Tölvumiðlunar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Advania hf. á öllu hlutafé í Tölvumiðlun ehf. felst samruni. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson